

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta**  
**07 755**

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta**  
**kt. 480109-1390**  
**Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 160/2008.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Markmiðið starfseminnar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómsunda og atvinnuþátttöku. Í því skyni sinnir Miðstöðin ráðgjöf, hæfingu og endurhæfingu, auk þess að afla og miðla þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 380,3 milljónir og afkoma kr. -8,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 13,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 99,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Elva Svanhildur Hermannsdóttir  
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	353.900.000	354.000.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	8.187.045	11.042.149
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	18.217.931	17.215.554
<b>Tekjur samtals</b>		<b>380.304.976</b>	<b>382.257.703</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	250.110.335	242.678.689
Framlög og tilfærslur .....		54.121.584	53.737.884
Annar rekstrarkostnaður .....	5	66.222.548	86.290.122
Afskriftir .....	6	18.217.931	17.215.554
<b>Gjöld samtals</b>		<b>388.672.398</b>	<b>399.922.249</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(8.367.422)</b>	<b>(17.664.546)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(8.415)	(58.647)
		(8.415)	(58.647)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(8.375.837)</b>	<b>(17.723.193)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(4.354.253)	(15.085.309)
Rekstrartilfærslur .....		(4.021.584)	(2.637.884)
		(8.375.837)	(17.723.193)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		66.838.665	66.266.183
Farartæki og vélar .....		108.068	252.151
Aðrar eignir .....		20.762.707	28.185.950
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>87.709.440</u>	<u>94.704.284</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		0	110.608
Tengdir aðilar .....	8	11.893.723	27.874.280
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		161.788	202.421
Handbært fé .....	9	741	812
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>12.056.252</u>	<u>28.188.121</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>99.765.692</u>	<u>122.892.405</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		13.185.202	21.561.039
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>13.185.202</u>	<u>21.561.039</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	0	772.010
Viðskiptaskuldir .....		5.707.214	8.781.439
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	27.262.199	26.648.909
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	53.611.077	65.129.008
<b>Skuldir samtals</b>		<u>86.580.490</u>	<u>101.331.366</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>99.765.692</u>	<u>122.892.405</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(8.375.837)	(17.723.193)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	18.217.931	17.215.554
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(18.217.931)	(17.215.554)
		<u>(8.375.837)</u>	<u>(17.723.193)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		151.241	103.180
Tengdir aðilar .....		10.685.460	18.891.085
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(2.460.935)	(1.270.462)
		<u>8.375.766</u>	<u>17.723.803</u>
		<u>(71)</u>	<u>610</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(11.223.087)	(18.832.948)
		<u>(11.223.087)</u>	<u>(18.832.948)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		4.523.087	12.232.948
Fjárfestingarframlag .....		6.700.000	6.600.000
		<u>11.223.087</u>	<u>18.832.948</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		812	202
		<u>741</u>	<u>812</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	353.900.000	354.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	18.217.931	17.215.554
	<u>372.117.931</u>	<u>371.215.554</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	305.300.000	50.100.000	0	355.400.000
Fjáraukalög .....	(1.500.000)	0	0	(1.500.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>303.800.000</b>	<b>50.100.000</b>	<b>0</b>	<b>353.900.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(308.154.253)	(54.121.584)	0	(362.275.837)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(4.354.253)</b>	<b>(4.021.584)</b>	<b>0</b>	<b>(8.375.837)</b>

	2020	2019
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	293.847	345.075
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	3.050.000	1.767.365
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	4.843.198	8.903.969
Ýmsar tekjur .....	0	25.740
	<u>8.187.045</u>	<u>11.042.149</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	201.768.640	193.494.363
Orlof, breyting .....	344.951	2.802.241
Launatengd gjöld .....	45.716.457	43.865.646
Starfsmannakostnaður .....	2.280.287	2.516.439
	<u>250.110.335</u>	<u>242.678.689</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	23,5	23,0

## Skýringar

	2020	2019
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	567.010	1.688.404
Byggingarvörur, almennar ....	480.066	254.190
Tæki og búnaður til innréttinga ....	110.344	54.770
Ýmis tæki og áhöld ....	1.299.111	2.800.375
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	2.844	9.678
Orkugjafar ....	613.370	1.072.575
Matvæli ....	3.253.866	3.770.779
Almennar rekstrarvörur ....	564.270	382.023
Vörukaup, almenn	6.890.881	10.032.794
Sjúkrahústæki og áhöld ....	0	1.299.903
Kennslu- og föndurvörur ....	0	25.673
Ýmsar sérgreindar vörur ....	49.069	133.063
Vörukaup, sérgreind	49.069	1.458.639
Fundir, námskeið, risna ....	832.151	1.897.712
Ferðir, uppihald ....	1.241.462	10.390.410
Akstur ....	307.833	1.062.774
Sérfræðiþjónusta ....	24.072.478	27.316.989
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	82.956	110.888
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	90.790	297.866
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	2.373.238	2.404.408
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	29.000.908	43.481.047
Samningsbundin kaup og leiga ....	1.083.480	1.349.021
Afnotagjöld ....	8.077.249	4.230.557
Leigugjöld ....	13.151.222	13.974.421
Notkun véla og flutningatækja ....	30.000	76.000
Verkkaup ....	4.884.064	8.923.370
Tryggingar, lögboðnar ....	3.018.025	2.446.977
Opinber gjöld ....	37.650	241.661
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	30.281.690	31.242.007
Vörukaup I ....	0	70.549
Vörukaup II ....	0	5.086
Vörur til endursölu og birgðabreyting	0	75.635
Annar rekstrarkostnaður samtals	66.222.548	86.290.122
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	10.650.605	9.067.861
Farartæki og vélar ....	144.083	144.083
Aðrar eignir ....	7.423.243	8.003.610
	18.217.931	17.215.554

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	66.838.665	66.266.183
Farartæki og vélar .....	108.068	252.151
Aðrar eignir .....	20.762.707	28.185.950
	<u>87.709.440</u>	<u>94.704.284</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	97.913.009	1.440.836	81.659.826	181.013.671
Viðbætur á árinu .....	11.223.087	0	0	11.223.087
	<u>109.136.096</u>	<u>1.440.836</u>	<u>81.659.826</u>	<u>192.236.758</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	31.646.826	1.188.685	53.473.876	86.309.387
Afskrift ársins .....	10.650.605	144.083	7.423.243	18.217.931
	<u>42.297.431</u>	<u>1.332.768</u>	<u>60.897.119</u>	<u>104.527.318</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>66.838.665</u>	<u>108.068</u>	<u>20.762.707</u>	<u>87.709.440</u>

## 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	11.893.723	27.874.280
	<u>11.893.723</u>	<u>27.874.280</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	772.010
	<u>0</u>	<u>772.010</u>

## 9 Handbært fé

Tékkareikningar .....	741	812
	<u>741</u>	<u>812</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 40 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	21.561.039	39.284.232
Afkoma ársins .....	(8.375.837)	(17.723.193)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>13.185.202</u>	<u>21.561.039</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreitt orlof .....	26.620.637	26.275.686
Ógreidd laun .....	0	373.223
Önnur ógreidd gjöld .....	641.562	0
	<u>27.262.199</u>	<u>26.648.909</u>

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talda fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	87.709.440	94.704.284
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(34.098.363)	(29.575.276)
	<u>53.611.077</u>	<u>65.129.008</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	94.704.284	(29.575.276)	65.129.008
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	6.700.000	6.700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	11.223.087	(11.223.087)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(18.217.931)	0	(18.217.931)
	<u>87.709.440</u>	<u>(34.098.363)</u>	<u>53.611.077</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 17 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 13 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2029 og rekstrar- og þjónustusamninga. Árleg greiðsla vegna húsaleigu nemur kr. 14,9 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 13,2 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.